

Fimmtudaginn 13. mars 1997.

Nr. 471/1996.

**Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Árna Ólafi Jónssyni**

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Líkamsárás. Þjófnaður. Ítrekun.  
Erlendir dómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1996 að kröfu ákærða, en jafnframt af ákærvaldsins hálfu til þyngingar refsingar. Ákærvaldið krefst nú staðfestingar héraðsdóms.

Ákærði krefst endurskoðunar á heimfærslu til refsíákvæða og að refsing hans verði milduð.

Í héraðsdómi var ákærði, Árni Ólafur Jónsson, sakfelldur ásamt þremur öðrum mönnum. Hinir una allir dómi. Fyrir Hæstarétt hefur auk íslensks sakavottorðs verið lagt vottorð ríkislögreglunnar í Svíþjóð um sakaferil ákærða, en þar bjó hann í nokkur ár. Þessi vottorð lágu einnig fyrir héraðsdómi.

Máli þessu er einungis áfrýjað til endurskoðunar um lagaatriði og um ákvörðun refsiviðurlaga. Í því felst, að ákærði unir sakarmati héraðsdóms. Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur eru ekki til endurskoðunar.

Í héraðsdómi er því lýst, að ákærði beitti hættulegu vopni við aðför sína að Tyrfinngi Heimi Tyrfinngssyni. Samkvæmt vottorðum Leifs Jónssonar læknis á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, en hann kom einnig fyrir héraðsdóm sem vitni, voru tvö skurðsár í hársverði Tyrfinngs Heimis og eitt á vör. Undir sári sást brot á höfuðkúpunni og smáblæðing undir. Af þessu má ráða, að tilviljun hafi ráðið því, að afleiðingar árásar ákærða urðu ekki meiri. Ber að staðfesta héraðsdóm um heimfærslu brots ákærða til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Auk þessa

verknaðar er ákærði nú dæmdur fyrir sex stórfelld innbrot. Úr einu innbrotinu hafði hann með sér debetkort, sem hann notaði til að taka 15.000 krónur út af reikningi í hraðbanka Búnaðarbanka Íslands í Mjódd. Er sá verknaður hans réttilega heimfærður til 244. gr. almennra hegningarlaga í héraðsdómi.

Ákærði hefur ekki áður verið dæmdur hér á landi, en á árunum 1981 til 1993 var hann dæmdur 16 sinnum í Svíþjóð, aðallega fyrir þjófnað og fíkniefnabrot. Ákærði er nú sakfelldur fyrir hættulega líkamsárás, sex innbrot í félagi við aðra og þjófnað úr hraðbanka. Eiga 2. mgr. 244. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga við um þjófnaðarbrot hans, en samkvæmt 2. mgr. 71. gr. þeirra laga er heimilt að láta refsidóma, sem kveðnir voru upp í Svíþjóð yfir ákærða, hafa ítrekunaráhrif á dóm þennan til samræmis við ákvæði 3. mgr. sömu greinar. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta refsíákvörðun héraðsdóms. Frá fangelsisrefsingunni, eins og hún er þar ákveðin, ber að draga gæsluvarðhald, sem ákærði hefur sætt frá 27. mars til 13. apríl 1996 og frá 27. júlí 1996 til þessa dags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, svo sem nánar er ákveðið í dómsorði.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Árni Ólafur Jónsson, sæti fangelsi í 3 ár. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhald, sem hann sætti frá 27. mars til 13. apríl 1996 og frá 27. júlí 1996 til þessa dags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. desember 1996.**

Ár 1996, mánudaginn 2. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 614/1996: Ákærvaldið gegn Árna Ólafi Jónssyni, G, RP, R og K, sem tekið var til dóms 15. nóvember sl.

Málið var höfðað með fjórum ákæruskjölum ríkissaksóknara á hendur Árna Ólafi Jónssyni, Brautarholti 4, kt. 270759-2119, G, f. 1964, RP, f. 1963, R, f. 1959, og K, f. 1971, öllum í Reykjavík. Er gerð grein fyrir ákæruskjölunum í þeirri röð, sem þau hafa verið lögð fram í þessu máli:

Í fyrsta lagi, með ákæruskjali, dagsettu 13. ágúst sl., á hendur ákærða Árna Ólafi einum „fyrir innbrotspjófnaði framda í Reykjavík föstudaginn 22. mars:

1. Fyrir að brjótast inn í íbúð á fjórðu hæð fjölbýlishússins að Dúfnahólum 2 og stela skartgripum, svo sem tveimur demantshringum, tveimur pörum af demantseyrnalokkum, fjórum gullhringum, gullhálsmeni, gullarmböndum og fjórum armbandsúrurum, öllu samtals að verðmæti um 600.000 kr., og íslensku myntsafni, að verðmæti um 65.000 kr.

2. Brjótast inn í íbúð á fjórðu hæð hússins nr. 7 við Orrahóla og stela þar um 5.000 krónum.

3. Brjótast inn í íbúð á sjöundu hæð hússins að Orrahólum 7 og stela geislaspilara, að verðmæti um 17.000 kr.

4. Brjótast inn í íbúð á annarri hæð hússins nr. 12 við Sporhamra og stela haglabyssu, tveimur rifflum, þremur skotfærabeltum, skotfærum, veiðibelti, veiðihníf, þremur gullhringum, tveimur eyrnalokkum, tveimur hálsfestum, perlufesti, silfurhring, símtæki, íþróttatösku, handklæði og átta bjórum, öllu að verðmæti 267.100 kr., og íslenskum og erlendum peningum, að verðmæti alls um 10.000 kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefjast eftirgreindir skaðabóta:

Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, 680.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 22. 3. 1996, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags, og 34.151 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 22. 3. 1996, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags,

Baldvin Þorsteinsson, kt. 070964-5119, 33.765 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 22. 3. 1996, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags,

Sjóvá-Almennar hf., kt. 701288-1739, 277.100 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 6. 6. 1996 til greiðsludags,

Vátryggingafélagið Skandia hf., kt. 681272-0469, 915.000 kr.“

Í öðru lagi, með ákæruskjali, dagsettu 3. október sl., á hendur ákærðu Árna Ólafi, G, RP og R „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin á tímabilinu frá miðjum júní til 5. ágúst 1996 í Reykjavík, nema annars sé getið:

## Líkamsárás.

A. Ákærða Árna Ólafi er gefið að sök að hafa:

1. Laugardaginn 20. júlí í íbúð á 3. hæð til vinstri í fjölbýlishúsinu nr. 60 að Kleppsveg, veist að Tyrfingi Heimi Tyrfingssyni, kt. 050560-3099, með öxi að vopni og slegið hann tvö högg í höfuðið með öxinni, svo að Tyrfingur Heimir féll í gólfið, og slegið Tyrfing Heimi áfram nokkur högg, eftir að hann féll í gólfið, og urðu afleiðingar árásarinnar þær, að Tyrfingur Heimir hlaut brot á höfuðkúpu með lítilli blæðingu undir brotinu og tvö skurðsár vinstra megin á höfuð og eitt á vör.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

## Þjófnaðir.

2. Í framhaldi þjófnaðar ákærða að Hraunbæ 31 samkvæmt ákærulið B 2 19. júlí stolið 15.000 krónum af reikningi Matthíasar Magnússonar nr. 31263 í Búnaðarbanka Íslands, Kringlunni, með því að nota debetkort Matthíasar í hraðbanka í Búnaðarbanka Íslands í Mjódd.

B. Ákærðu Árna Ólafi, G, RP og R er gefið að sök að hafa staðið saman að eftirgreindum innbrotspjófnum 14.–19. júlí. Ákærðu Árni Ólafur og G brutust inn, á meðan ákærðu RP og R biðu álengdar í bifreið og óku ákærðu og þýfinu af vettvangi:

1. Brotist inn í íbúðarhúsið nr. 19 við Hraunbæ og stolið skartgripum, myntsafni, frímerkjasafni, matarstelli, ýmsum skrautumunum, tveimur úrum, sjónauka, 22 geisladiskum, fatnaði, vasaútvarpi, sex töskum, seðlaveski, myndbandsspólu og ýmsum smáhlutum, samtals að verðmæti um 560.000 kr.

2. Brotist inn í íbúðarhúsið Hraunbæ 31 og stolið miklu magni af skartgripum, vasareiknivél, úri, þremur skartgripaskrínnum, buddu, veski, leðurbakpoka, geislaspilara með hátölurum, 3.000 kr. í reiðufé, tveimur dagbókum, leðurferðatösku, sælgæti, áfengi, gjafakorti í Borgarleikhúsið auk skjala og skilríkja, samtals að verðmæti 161.500 kr.

C. Ákærðu Árna Ólafi og G er gefið að sök að hafa:

1. Dagana 16.–18. júní brotist í félagi inn í einbýlishúsið að Fannafold 152 og stolið fatnaði, geislaspilara, sjónauka, koparöxi, þremur vasahnífum, lykllum, áfengi, silfurborðbúnaði, 200 bandarískum dollurum, 200 enskum pundum, 200 þýskum mörkum, ýmsum skrautumunum og töluverðu af skartgripum, samtals að verðmæti um 870.000 kr.

2. Aðfaranótt fimmtudagsins 4. ágúst brotist inn í verslunina Módel-skartgripi, Hverfisgötu 16 a, og stolið miklu magni af skartgripum, svo sem

69 pörum af trúlofunarhringum úr gulli, 45 sýnishornum af trúlofunarhringum, silfurklumpi, gullhálsfestum, perlufestum, silfurmenjum, gullarmböndum, gullnælum, tóbakspontum og tóbaksdósum úr silfri, bindisnælum, bindiskeðjum, 82 silfurblaðahnífum, um 20 gömlum skeiðarhnífum, verkferum, 27 antíkmunum, letri úr grafvél, leirtaii og fjölda muna, sem voru til viðgerðar, öllu samtals að verðmæti um 7.490.000 kr.

3. Aðfaranótt fimmtudagsins 18. júlí brotist inn í raðhúsið að Tjarnarmýri 47, Seltjarnarnesi, og stolið fjórum gullarmböndum, perlufesti, perlu-eyrnalokkum, fimm pörum af eyrnalokkum, gullermahnöppum, úri, sex gullhringum, gullkeðju, gullhálsfesti, tveimur gullkrossum, tveimur silfurhálsmenjum, ellefu áfengisflöskum, nokkrum bjórflöskum, sjö skinkudósum, tveimur töskum, geislaspilara, samtals að verðmæti um 250.000 kr., og 15.000 krónum í reiðufé.

D. Ákærðu G og R er gefið að sök:

---

E. Ákærða G er gefið að sök:

---

F. Ákærðu RP og R er gefið að sök:

---

G. Ákærða R er gefið að sök:

---

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Í málinu krefjast eftirgreindir skaðabóta:

Bótakröfur, er varða ákærða Árna Ólaf:

Haraldur Blöndal hrl. vegna Tyrfings Heimis Tyrfingssonar, kt. 050560-3099, 1.000.000 kr. í miskabætur og 191.156 kr. vegna innheimtukostnaðar ásamt virðisaukaskatti auk vaxta frá 20. 7. 1996 til greiðsludags.

Bótakrafa, er varðar ákærðu Árna Ólaf, G, RP og R:

Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, 349.696 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 19. 7. 1996, en síðan dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Bótakröfur, er varða ákærðu Árna Ólaf og G:

1. Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, 4.000.000 kr.

2. Sigmar Ó. Mariússon, 3.804.330 kr.

---

*Málavextir.*

Fyrsta ákæra.

Ákærði Árni Ólafur.

1. Ákærði kannaðist í upphafi ekki við að hafa brotist inn í íbúð Þórdísar K. Guðmundsdóttur á 4. hæð í Dúfnahólum 2 22. mars sl. Hefur hann sagt, að hann hafi verið í svo mikilli vímu á þessum tíma, að hann muni ekkert eftir sér. Þegar hann kom fyrir dóm 3. apríl sl. vegna kröfu um gæsluvarðhald yfir honum, var það eitt bókað eftir honum um sakarefni þetta, að hann viðurkendi „innbrot að Dúfnahólum 2“. Ekkert var haft eftir honum um það, hvort og þá hverju hann hefði stolið. Þegar málið var þingfest, sagðist hann ekkert muna eftir sér á þessum tíma fyrir vímu. Dagbjört Rut Bjarnadóttir, kt. 040676-3259, sem sá tvo grunsamlega menn á ferli í húsinu þennan dag, hefur gefið skýrslu fyrir dómnum, en hún var látin skoða myndasafn rannsóknarlögreglunnar og tók þá út myndir af ákærða Árna Ólafi og öðrum manni. Meðal sakargagnanna eru skýrslur um haldlagningu verkfæra hjá ákærða og rannsókn á þeim. Þeir, sem að þessu unnu, hafa ekki komið fyrir dóm, og verður dómur ekki reistur á þessum gögnum. Lögreglumenn þeir, sem komu á vettvang og hefðu getað borið um ummerki þar, hafa ekki heldur komið fyrir dóm, og Þórdís K. Guðmundsdóttir, sem hefur sent inn lista um það, sem hún saknaði, hefur ekki komið fyrir dómnum heldur. Telja verður þó sannað með atbeina Dagbjartar Rutar og því, sem haft er eftir ákærða í þinghaldinu 3. apríl, að hann hafi verið þarna að verki, og hefur hann brotið gegn því lagaákvæði, sem greinir í ákæru. Ekki er unnt án verulegra tafa fyrir refsihlið málsins að fjalla um bótakröfu VÍS, og ber að vísa henni frá dómi.

2. Það athugast, að innbrotið í 2. tl. ákæru mun hafa verið framið 25., en ekki 22. mars sl. Ákærði neitaði í upphafi að hafa brotist inn í íbúð á 4. hæð í Orrahólum 7, sem ákært er fyrir. Þegar hann kom fyrir dóm 3. apríl sl. vegna kröfu um gæsluvarðhald yfir honum, var framburður hans óbreyttur um þetta, og sagðist hann ekki kannast við að hafa brotist inn í íbúð í þessu húsi 25. mars. Þegar málið var þingfest, sagðist hann ekkert muna eftir sér á þessum tíma fyrir vímu. Ekki hafa nein vitni komið fyrir dómnum til þess að bera um þetta sakarefni. Meðal sakargagnanna eru skýrslur um haldlagningu verkfæra hjá ákærða og rannsókn á þeim. Þeir, sem að þessu unnu, hafa ekki komið fyrir dóm, og verður dómur ekki reistur á þessum gögnum. Lögreglumenn þeir, sem komu á vettvang og hefðu getað borið um ummerki þar, hafa ekki heldur komið fyrir dóm, og Guðbjörn Guðbjörnsson, umsjónarmaður íbúðarinnar, sem sakna mun verðmæta úr henni, hefur ekki heldur komið fyrir dómnum. Telja verður, að ósannað sé, að ákærði hafi

verið þarna að verki, og ber að sýkna hann af þessu ákæruatriði og vísa frá dómi bótakröfu VÍS.

3. Ákærði neitaði í upphafi að hafa brotist inn í íbúð á 7. hæð í Orrahólum 7. Þegar hann kom fyrir dóm 3. apríl sl. vegna kröfu um gæsluvarðhald yfir honum, kvaðst hann fyrst ekkert muna eftir sér á þessum tíma vegna áfengis- og lyfjaneyslu, en svo var bókað eftir honum, að hann viðurkenndi „innbrot að Orrahólum 7 22. mars sl.“. Ekkert er haft eftir honum um það, hvort og hverju hann kynni að hafa stolið. Þegar málið var þingfest, sagðist hann ekkert muna eftir sér á þessum tíma fyrir vímu. Ekki hafa nein vitni komið fyrir dóminn til þess að bera um þetta sakarefni. Meðal sakargagna eru skýrslur um haldlagningu verkfæra hjá ákærða og rannsókn á þeim. Þeir, sem að þessu unnu, hafa ekki komið fyrir dóm, og verður dómur ekki reistur á þessum gögnum. Lögreglumenn þeir, sem komu á vettvang og hefðu getað borið um ummerki þar, hafa ekki heldur komið fyrir dóm, og Baldvin Þorsteinsson húsráðandi, sem saknar geislaspilara og -diska, hefur ekki heldur komið fyrir dóminn. Telja verður þrátt fyrir það, sem haft er eftir ákærða í þinghaldinu 3. apríl, að ósannað sé, að hann hafi verið þarna að verki, og ber að sýkna hann af þessu ákæruatriði og vísa frá dómi bótakröfu Baldvins Þorsteinssonar.

Ákærði neitaði í upphafi að hafa brotist inn og stolið í Sporhömrum 12. Í þinghaldi vegna kröfu um gæsluvarðhald var honum sagt, að fingurfar hans hefði fundist á vettvangi. Var þá bókað eftir honum, að hann viðurkenndi „innbrotið að Sporhömrum 12, þar sem fyrir“ lægi, að hann hefði verið þar. Meðal gagna málsins er skýrsla Kristjáns Friðþjófssonar rannsóknarlögreglumanns um fingrafararannsókn þessa, en lögreglumaðurinn hefur ekki komið fyrir dóm. Þegar ákærði var yfirheyður hjá RLR 9. apríl, sagðist hann ekki muna eftir því að hafa verið þarna að verki og bar við vímu. Hann rámaði þó í að hafa borið einhverjar töskur, en mundi ekki, hvenær eða hvar. Þegar málið var þingfest, sagðist hann ekkert muna eftir sér á þessum tíma fyrir vímu. Telja verður þrátt fyrir það, sem haft er eftir ákærða í þinghaldinu 3. apríl, að ósannað sé, að hann hafi verið þarna að verki, og ber að sýkna hann af þessu ákæruatriði og vísa frá dómi bótakröfu Sjóvár-Almennra.

Önnur ákæra.

A. Ákærði Árni Ólafur.

1. Samkvæmt lögregluskýrslu, sem er meðal gagna málsins, var lögregla kvödd í fjölbýlishúsið nr. 60 við Kleppsveg laugardaginn 20. júlí sl. kl. 14.25 vegna áfloga í íbúð á 3. hæð, en þar býr Ída Harðardóttir. Þegar þangað

kom, var fólk utandyra með slasaðan mann, Tyrfing Heimi Tyrfingsson, og lagaði blóð úr sárum á höfði hans. Mun hafa komið fram hjá fólkinu, að ákærði hefði barið manninn með öxi í höfuðið. Hinn slasaði var fluttur á slysadeild til aðhlynningar. Fólk þetta var fært á lögreglustöðina, en ákærði fannst ekki fyrr en um kvöldið á geymslulofti fyrir ofan íbúðina, og var þá handtekinn. Fram hefur komið, að flest hafi þetta fólk verið undir áhrifum áfengis eða vímuefna.

Ákærði hefur sagt, að hann muni óljóst eftir atburðum í íbúðinni, en kveðst þó muna eftir, að deilur hafi verið með mönnum og hann verið með öxi í hendi. Hafi Tyrfingur Heimir ráðist framan að sér, en maður að nafni Hafsteinn komið aftan að sér og hann þá borið fyrir sig öxina og snúið sér að Hafsteini, en eftir það sé minni sitt mjög ótraust. Hafi hann verið „upp-dópaður“ af pillum og amfetamíni.

Vitnið Tyrfingur Heimir Tyrfingsson hefur skýrt frá því, að hann hafi verið í eldhúsinu að tala við systur sína í síma. Skyndilega hafi hann heyrt hávaða og orðið svo fyrir höggi á höfuðið. Hann hafi ekki áttað sig á því strax, hver hefði veitt sér höggið, en svo séð, hvar maður stóð með öxi, og hafi maðurinn slegið sig aftur þungt högg á höfuðið og hann þá fallið í gólfið. Hann segist hafa misst meðvitund snöggvast, en síðan ætlað að hringja á hjálp. Hann hafi séð, að maðurinn stóð yfir sér með hníf. Hann segist hafa hitt mann þennan einu sinni áður, kvöldið áður, en ekki þekkja hann neitt að öðru leyti. Hann segist ekki geta áttað sig á því, hvaða hluti axarinnar hafi verið notaður á sig, en hann hafi skorist á vör við það, að maðurinn ot-aði að sér hnífi, en hann hafi ekki fengið högg á munninn. Sjálfur segist hann hafa verið undir áhrifum róandi lyfja. Segist hann smám saman vera að ná sér, en hann fái enn svimaköst og minnisleysi.

Vitnið Baldur Þór Guðmundsson, kt. 101275-4269, var einn af gestunum í íbúð Íðu Harðardóttur, þegar atburðurinn varð. Kveðst hann hafa setið inni í stofu með manni að nafni Óskar og ákærða. Á gólfinu hafi verið öxi, sem ákærði hafi tekið upp og farið með fram í eldhús. Hafi hann sagt, að allir skyldu flýta sér út. Kveðst hann hafa staðið upp og séð inn í eldhúsið, hvar Tyrfingur hélt á hnífi og beindi að Árna. Þá hafi Hafsteinn Kjartansson komið aftan að Árna og tekið hann tókum. Hann segist ekki hafa séð Árna slá Tyrfing með öxinni og ekki séð áverka á Tyrfingi. Kveðst hann svo hafa flýtt sér út.

Vitnið Íða Harðardóttir hefur skýrt frá því, að hún hefði tekið öxina, sem hafði verið geymd í þvottahúsi íbúðarinnar, og farið með hana inn í íbúð, ekki af neinni sérstakri ástæðu. Hún segist ekki muna, hvar hún lagði frá sér öxina. Hún segist hafa fengið það á tilfinninguna, að Berglind, sambýlis-

kona ákærða, hafi eitthvað verið að ögra honum og gera hann jafnvel afbrýðisaman með því að skreppa frá um hríð með Tyrfingi. Hún segist hafa verið nýbúin að tala við fyrrverandi sambýlismann sinn í síma, og eftir það hafi hún farið inn í herbergi til að jafna sig. Hún hafi þá heyrt ákærða segja, að allir skyldu fara út, og hafi hún farið fram í stofu og tekið undir þetta. Hún segist muna að hafa séð ákærða á íbúðarganginum ásamt hinum, og hafi hann haldið bæði á öxinni og hnífi. Hafi hann verið í annarlegu ástandi og ólíkur sjálfum sér. Hún hafi orðið hrædd og farið niður á næstu hæð og hringt dyrabjöllu þar og hringt í öðrum íbúðum líka. Loks hafi hún orðið að fara út í næsta hús til þess að fá að hringja á hjálp. Hún hafi verið á leiðinni inn aftur, þegar hún mætti Tyrfingi blóðugum, og í sama mund hafi lög-reglan komið.

Vitnið Guðmundur Jakob Jónsson, enn einn af gestunum hjá Íðu, hefur skýrt frá því, að allt hafi verið rólegt framan af í íbúðinni. Þó hafi sér fundist spenna myndast, eftir að Tyrfingur kom inn aftur, en hann hafði skroppið frá. Fékk hann það á tilfinninguna, að ákærði væri afbrýðisamur út í Tyrfing vegna konu sinnar. Muni hann, að ákærði hafi reynt að reka fólkið út úr íbúðinni. Rifrildi hafi hafist á milli ákærða og Tyrfings út af litlu. Fannst honum Tyrfingur eiga upptökin með ráðríki og frekju. Ekki kveðst hann gera sér grein fyrir, hvor þeirra hafi átt upptök að átökunum, sem fylgdu í kjölfarið. Hafi þetta verið hrindingar í upphafi inni í stofu, en átökin borist fram á gang og eldhús. Vitnið segist ekki hafa séð vel fram í eldhúsið. Hann segist ekki geta fullyrt, hvort ákærði og Tyrfingur hafi farið í eldhúsið á svipuðum tíma, en þeir hafi verið þar í einhverjar mínútur. Sjálfur segist hann hafa setið í sófa í stofunni, svo að hann hafi ekki séð, hvað gerðist frammi. Segist hann hafa séð ákærða halda á öxinni frammi á gangi, og minnir, að hann hafi haldið á henni inn í eldhúsið. Næst muni hann, að allir voru farnir úr íbúðinni nema hann og ákærði, en að lokum hafi ákærði farið. Eftir það hafi verið barið að dyrum og lögreglan komið.

Vitnið Berglind Friðbertsdóttir, sambýliskona ákærða á þessum tíma, hefur skýrt frá því, að hún hafi verið stödd inni í stofu hjá Íðu, þegar hún heyrði læti framan úr eldhúsi. Hún hafi þá farið fram í eldhús að athuga þetta og séð Tyrfing þá liggja á gólfinu blóðugan. Ákærði hafi staðið í eldhúsinu, þó ekki yfir Tyrfingi, og haldið á öxi og hníf. Aðrir hafi ekki verið þarna inni en þeir tveir. Hún hafi reynt að róa ákærða, en hann hafi verið í slíkum ham, að hún hafi ekki náð sambandi við hann. Hún segist hafa forðað sér út úr eldhúsinu, en ekki vita, hvort hún heyrði högg þaðan, en þaðan hafi heyrst mikil læti.

Í vottorðum Leifs Jónssonar, læknis á slysadeild, sem komið hefur fyrir

dóm, segir, að tvö skurðsár hafi verið í hársverði vinstra megin á höfði mannsins og eitt á vör. Undir sárunum á höfuðkúpunni hafi sést brot á höfuðkúpunni og smáblæðing undir. Sárin á vörum og höfði virtust vera eftir eggjárn. Hefðu áverkarnir verið veittir með öxi, væru þeir með ólíkindum lítilfjörlegir, og hefðu þeir þá a. m. k. verið unnir með hangandi hendi.

#### *Niðurstaða.*

Sannað er með skýrslu Tyrfings Heimis Tyrfingssonar, sem studd er skýrslum vitna og að nokkru leyti ákærða sjálfs, að hann sló Tyrfing Heimi tvisvar með öxi í höfuðið og olli þeim áverkum á höfuðkúpunni, sem lýst hefur verið. Með hliðsjón af skýrslu Tyrfings Heimis verður hins vegar að telja það ósannað, að ákærði hafi slegið hann fleiri högg en tvö, og telja verður, að áverkinn á vörinni sé eftir annað en högg með öxinni. Ber að sýkna ákærða af þeim áverka. Ákærði beitti hættulegu vopni, og enda þótt högginn hafi ekki verið þung, varðar árás hans við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Haraldur Blöndal hrl. hefur krafist þess f. h. Tyrfings Heimis, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða honum 1.000.000 krónur í miskabætur og 153.539 krónur í innheimtukostnað auk virðisaukaskatts af innheimtukostnaðinum. Af hálfu ákærða er þess krafist, að krafan verði lækkuð. Dæma ber ákærða til þess að greiða Tyrfingi Heimi 150.000 krónur í miskabætur og 10.000 krónur í bætur fyrir að halda fram kröfunni.

2. Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið 15.000 krónur út af reikningi Matthíasar Magnússonar, og telst það vera þjófnaður og varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

#### B. Ákærðu Árni Ólafur, G, RP og R.

1. Ákærðu Árni Ólafur og G hafa báðir viðurkennt að hafa brotist inn í Hraunbæ 19 og stolið þar verðmætum. Segjast þeir hafa verið þarna á ferð um miðjan dag á bíl ákærða G. Þá hefur komið fram hjá ákærða G, að þeir hafi farið aftur inn um nóttina og tekið fleira. Eins og ákæru er háttað, verður hér aðeins fjallað um fyrra brotið, sem telja verður aðskilið frá hinu síðara. Meðákærðu hafa neitað að hafa komið þarna nokkuð nærri, enda kemur fram hjá þeim, að þeir hafi verið þarna á ferð með þeim að næturlagi. Ber að sýkna þá R og RP af þessum ákærulið. Aftur á móti hafa þeir Árni Ólafur og G orðið sekir um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ekki verður ráðið með neinni vissu, hvaða verðmæti ákærðu tóku í fyrra

sinnið og hvaða verðmæti þeir tóku í síðara brotinu. Þá er enn síður hægt að gera sér grein fyrir tjóninu, sem valdið var í hvoru tilviki. Ber því að vísa frá bótakröfu VÍS.

2. Ákærðu Árni Ólafur og G hafa báðir viðurkennt að hafa brotist inn í Hraunbæ 31 og stolið þeim verðmætum, sem ákært er fyrir. Ákærði G hefur þó sagt, að skartgripirnir, sem þeir tóku, séu oftaldir í ákæru. Enda þótt ekkert verði fullyrt um magn eða verðmæti skartgripanna, sem teknir voru, eru ákærðu orðnir sannir að þjófnaði á umtalsverðum verðmætum úr þessu húsi, og hafa þeir gerst sekir um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Meðákærðu hafa neitað sök í málinu. Þeir kannast þó við að hafa ekið með þeim um nóttina í Árbæjarhverfi í bíl, sem ákærði RP stýrði og hafði í umráðum sínum. Hafi hinir farið úr bílnum. Hjá RP kemur fram, að þeir hafi svo komið aftur með fjóra stóra innkaupapoka með ýmsum varningi, og má ætla, að eitthvað af þeim varningi, svo sem matarstell, hafi verið úr Hraunbæ 19. Hjá ákærða R hefur komið fram, að þeir hafi gefist upp á því að bíða eftir þeim. Ákærði RP kveðst telja, að hann hafi ekki vitað, hvað til stæði, en tekur fram, að hann hafi verið í mikilli amfetamínneyslu, þegar þetta gerðist, og reyndar öðrum efnum líka. Það er álit dómsins, að ekki hafi dulist fyrir ákærðu RP og R, hvað til stóð hjá meðákærðu, þegar lagt var í ferðina. Hefur hinn fyrrnefndi orðið sekur um hlutdeild í þjófnaðinum með því að aka þeim í innbrotsferðina. Hefur hann orðið sekur um brot gegn 244. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga. Aftur á móti hefur R ekki orðið uppvís að öðru en því að sitja í bílnum sem farþegi, og ber að sýkna hann af ákæruatriði þessu.

### C. Ákærðu Árni Ólafur og G.

1. Ákærðu hafa viðurkennt að hafa brotist inn í Fannafold og stolið þeim verðmætum, sem lýst er í ákæru. Er ljóst, að ákærðu stálu þarna verulegum verðmætum. Er þeir sannir orðnir að broti gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

2. Ákærðu hafa viðurkennt að hafa brotist inn í verslunina Móðelskartgripi og stolið þeim verðmætum, sem talin eru upp í ákærunni. Enda þótt ekki verði neitt fullyrt um nákvæmt verðmæti þess, sem þeir stálu, er ljóst, að ákærðu hafa látið greipar sópa í verslun og verkstæði fyrirtækisins og stolið gríðarlegum verðmætum. Hafa þeir orðið sannir að broti gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

VÍS og Sigmar Ó. Maríusson kaupmaður hafa hvor um sig gert fébótakröfu á hendur ákærðu, samtals að fjárhæð 7.804.330 krónur. Ekki er unnt að fjalla um þessar kröfur án þess að tefja verulega sakamálið, og er þeim vísað frá dómi.

3. Ákærðu hafa viðurkennt að hafa brotist inn í Tjarnarmýri 47 og stolið þeim verðmætum, sem greinir í ákæru. Hafa þeir brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

---

*Refsingar, sakarkostnaður.*

Ákærði Árne Ólafur hefur ekki áður verið dæmdur hér á landi, en á árunum 1981 til 1993 var hann dæmdur sextán sinnum í Svíþjóð, aðallega fyrir þjófnaði og fíkniefnabrot. Ákærði er nú sakfelldur fyrir hættulega líkamsárás og sex þjófnaðarbrot, þar á meðal stórfelldan innbrotsþjófnað í skartgripaverslun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhald, sem hann hefur sætt frá 27. mars til 7. apríl og frá 27. júlí sl. til þessa, samtals 139 daga.

Ákærði G hefur ekki áður verið dæmdur hér á landi, en var á tímabilinu 1982 til 1992 dæmdur tíu sinnum í Svíþjóð, aðallega fyrir þjófnaði og fíkniefnabrot. Þjófnaðarbrotin, sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir, eru ellefu talsins, og þar á meðal eru tveir stórfelldir innbrotsþjófnaðir í skartgripaverslanir. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhald, sem hann hefur sætt frá 27. mars til 11. apríl og frá 5. ágúst til 19. október sl., samtals 90 daga.

Ákærði RP er nú sakfelldur fyrir tvö þjófnaðarbrot, og verður að telja annað þeirra stórþjófnað. Hann gekkst fjórum sinnum undir dómsátt á árunum 1987 til 1992 fyrir umferðar- og áfengislagabrot, og árið 1991 hlaut hann sektardóm fyrir líkamsárás. Loks var hann dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi 12. nóvember sl. Dæma ber upp skilorðsdóminn, og þykir refsing hans, sem verður hegningarauki, vera hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði. Rétt þykir að fresta framkvæmd níu mánaða af refsingunni og ákveða, að sá hluti hennar falli niður að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Frá hinum óskilorðsbundna hluta dómsins ber að draga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 8. ágúst til 19. september sl., 42 daga.

Ákærði R er nú sakfelldur fyrir níu þjófnaðarbrot, þar af eitt einkar stórfelld, svo og eitt hylmingarbrot. Ákærði hefur á tímabilinu 1981 til 1995 fjórum sinnum hlotið sektarrefsingu fyrir umferðar- og fíknilagabrot. Þá var hann dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi 15. nóvember 1995 fyrir hylmingu. Hann hefur nú rofið skilorð þessa dóms, og ber að dæma þann dóm upp. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í átján mánuði. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist, sem ákærði sætti frá 5. ágúst til 19. október sl., samtals 75 daga.

Ákærði K hefur til þessa hlotið fjóra dóma fyrir þjófnaðarbrot. Þá hefur

hann margsinnis verið sektaður fyrir umferðar- og fíknilagabrot. Síðast var hann dæmdur 19. ágúst 1995 í þriggja mánaða fangelsi, en þar af voru tveir mánuðir skilorðsbundnir í tvö ár. Hann hefur nú rofið skilorð þessa dóms, og ber að dæma hann upp og gera ákærða refsingu í einu lagi. Þykir hún vera hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði.

Saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, ber að dæma ákærða Árna Ólaf til þess að greiða að 1/3 hluta, en G, RP, R og K, hvern um sig, að 1/6 hluta.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða verjendum sínum réttargæslu- og málsvarnarlaun sem hér segir: Árna Ólaf Sigmundi Hannessyni hrl. 180.000 krónur vegna réttargæslu og málsvarnar, G Helga Sigurðssyni hdl. 150.000 krónur vegna réttargæslu og málsvarnar, G Hilmar Ingimundarsyni hrl. 25.000 krónur vegna réttargæslu, RP Hilmar Ingimundarsyni hrl. 85.000 krónur vegna málsvarnar, R Ómari Stefánssyni hdl. 85.000 krónur vegna málsvarnar og K Erni Clausen hrl. 85.000 krónur vegna málsvarnar og réttargæslu.

Loks ber að dæma Árna Ólaf til þess að greiða annan sakarkostnað að 2/3 hlutum og G að 1/3 hluta.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði Árni Ólafur Jónsson sæti fangelsi í 3 ár. Frá refsingunni dregst 139 daga gæsluvarðhald.

Ákærði G sæti fangelsi í 3 ár. Frá refsingunni dregst 90 daga gæsluvarðhald.

Ákærði RP sæti fangelsi í 12 mánuði. Frestað er framkvæmd 9 mánaða af refsingunni, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð hegningarlaganna. Frá refsingunni dregst 42 daga gæsluvarðhald.

Ákærði R sæti fangelsi í 18 mánuði. Frá refsingunni dregst 75 daga gæsluvarðhald.

Ákærði K sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Árni Ólafur greiði Tyrfingi Heimi Tyrfingssyni 150.000 krónur í miskabætur og 10.000 krónur í bætur fyrir að halda fram kröfunni.

Saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, greiði ákærði Árni Ólafur að 1/3 hluta, en G, RP, R og K, hver um sig, að 1/6 hluta.

Ákærðu greiði verjendum sínum réttargæslu- og málsvarnarlaun sem hér segir: Árni Ólafur Sigmundi Hannessyni hrl. 180.000 krónur vegna réttargæslu og málsvarnar, G Helga Sigurðssyni hdl. 150.000 krónur vegna réttargæslu og málsvarnar, G Hilmar Ingimundarsyni hrl. 25.000 krónur vegna réttargæslu, RP Hilmar Ingimundarsyni hrl.

85.000 krónur vegna málsvarnar, R Ómari Stefánssyni hdl. 85.000 krónur vegna málsvarnar og K Erni Clausen hrl. 85.000 krónur vegna málsvarnar og réttargæslu.

Annar sakarkostnað greiði Árni Ólafur að 2/3 hlutum, en G að 1/3 hluta.

---